

LITIRNIR og áhrif þeirra II

Fjólublái geislinn og þróun hans.

Í síðustu grein minni minntist ég á breytingu þá, sem gerir vart við sig í tilraunum hinna svonefndu menntamanna til þess að afneita öllu andlegu og miða allt við jarðnesk fyrirbæri eingöngu. Þetta birtist svo greinilega á síðari hluta 19. aldarinnar. Þetta átti sér stað áður fyrr, t. d. á undan komu Krists á Gyðingalandi. Hliðstæð fyrirbrigði hafa einnig gerzt áður, einmitt um þau tímamót, er gömul menning er að hníga og ný er í aðsigi. Þetta endurtekst nú á tímum og birtist í ýmsum myndum. Það er hvarfið til efnisins á ný og afneitun andans og hins andlega lífs.

Bakfallið til efnishyggjunnar á rót sína í tilraun hinna svörtu afla til þess að ná tökum á mönnum og vinna gegn þróuninni. Fulltrúar þeirra trúa því að þeir séu að gera rétt, og því er viðleitni þeirra í því fólgin að vinna gegn framförum og halda öllu í járngreipum afturhaldsins og kyrrstöðunnar og þann veg dragast þeir aftur úr og ganga í raun réttri veg niðurþróunar, sem þeir sækja orku sína til, því með henni eiga þeir sameðli sitt. Þetta er að mínum dómi ein aðalástæðan og undirrót þess ástands, sem nú ríkir í heiminum og margir hafa með öllu misskilið.

Þetta fyrirbrigði birtist eigi eingöngu í fráhrifum menntamannanna frá andanum, sem áður er getið, heldur einnig í ýmsum öðrum myndum. Skal nú bent á nokkur helztu atriðin, sem fara í sömu átt.

Til efnishyggjunnar

Í þessu efni koma hinar ýmsu greinar listanna áberandi til greina, enda mun það eðlilegt, því að fjöldi listamanna er oftast nær mjög næmur fyrir áhrifum, að minnsta kosti í gegnum einhverja hlið, t. d. tilfinningarnar, sem þá eru opnari fyrir áhrifum innsæisins en t. d. hið hugræna líf þeirra. Innsæið meðtekið í gegnum hugsun er að mínum dómi miklu sjaldgæfara fyrirbrigði, því að hugsunin er ekki búin ennþá að ná þeirra þjálfun, sem hún á að ná síðar. Það er meðal annars hlutverk þeirrar þróunar, sem nú er í aðsigi, að þjálf hugann og gera hann þjálf verkfæri innsæisins.

Á meðan ýmsar hliðar tilfinninganna eru ekki nægilega hreinar, má búast við, að þau fyrirbrigði komi í ljós, sem ég ætla að gera að umtalsefni í þessu sambandi.

Skáldskaparlist. - Nú á síðustu áratugum hefur áhrifa hinna svörtu afla á mjög áberandi hátt gætt í skáldskaparlistinni. Er það eftirtektarvert, hve ákveðinn flokkur skálda hefur flækt inn á þessa braut. Er það engu líkara en skoðun þeirra sé sú, að „listin fyrir listina“ sé ákjósanleg grundvallarregla fyrir skáldin að fara eftir. Þar virðist kenning Jesúítanna ráða, að „tilgangurinn helgi meðalið“. Þessari meginreglu neita allir heiðarlegir og rétt hugsandi menn afdráttarlaust.

Það má með öðrum orðum lýsa þessu á mjög einfaldan hátt. Það er að nota listfenga framsetningu og skáldlega til þess að lýsa því ljóta, grófa og sauruga og gera það fínt og aðlaðandi, svo menn vari sig síður á því. Að nota listina til þess að gefa óþverranum vængi er starfsaðferð þeirra, sem eru undir áhrifum hinna svörtu afla og reka með því erindi þeirra í heiminum.

Þetta á sér stað nú með allar greinar hinna fögru lista, að þær eru komnar út á glapstigu út af þessum orsökum. Þó skal það tekið fram, að hér eiga ekki allir listamenn óskilið mál, því að margir eru þeir, sem ennþá hafa eigi komizt undir þessi áhrif, sem betur fer. En of margir eru þeir, sem í þessum greinum þræða veg hinna svörtu aflu og reka erindi þeirra.

Málaralist. - Enginn listamaður í þessari grein hefur enn megnað að eftirlíkja náttúruna til fulls. Er það engin von, því að litir þeir, sem málarinn hefur í höndum sér, eru frá vissu sjónarmiði dauðir, þá vanhagar um það líf, sem birtist í þeim í sjálfri náttúrunni. Það er hin mikla lifandi orka lífsins, sem hér birtist hrein og ómenguð. En það hlýtur að vera takmark hvers snillings í listmálun að nálgast á sem fullkomnastan hátt þetta líf náttúrunnar. Hún er hin mikla fullkomna fyrirmynd. Í þessari grein eru það hin svonefndu klessumálverk, sem eru sérstaklega áberandi. Þar er allri náttúrlegri sköpun misþyrmt og gersamlega horfið frá myndunarreglum náttúrunnar svo að rangt mun að segja, að hér sé um verk að ræða, sem eigi að birta lífsformin, heldur eitthvað annað. Í þessu eða á bak við það virðist lítil eða engin aðstoð veitt áhorfandanum til þess að skynja hið innra og andlega líf, sem þó ætti að vera tilgangurinn. Öll slík viðleitni virðist vera útilokuð.

Myndhöggvaralist. - Það mun við nánari athugun koma fljótlega til vitundar þeirra, sem virða fyrir sér höggmyndalist nútíðar, að sumir þeirra, höggmyndalistarmanna, undir líkum áhrifum og félagar þeirra í öðrum listgreinum, að formið virðist ekki hæft til þess að túlka há andleg sannindi, svo ekki sé frekar kveðið að orði. Sumar myndir í þessari grein eru algerir vanskapningar, sem engum heilvita manni dytti í hug að búa til. Fótleggir, armleggir myndanna eru eins og digrir illa tilhöggvir trédrumbar og ekki ber minnsta vott fyrir vöðva, hvað þá heldur æðalögun. Slíkt finnst ekki. Allt er svo einkennilega klunnalegt og gróft. En þó má geta sér til, að myndin eigi að sýna manneskju í einhverri ákveðinni stellingu. Þetta hefur þó hin nýja höggmyndalist fram yfir málverkin, því að í þeim er örðugt að finna nokkurt manneskjulag - það virðast vera eins konar felumyndir.

Húsgerðarlist. - Hinn nýi ferhyrningsflatarstíll í húsgærð er greinilegt bakfall frá hinum mikla og andlega gotneska stíl, sem er sá andlegasti allra þeirra stíla, sem ennþá hafa birzt hér í þróun jarðar. Í hinum nýja stíl er allt einungis byggt á sköpun ferhyrninga, og línurnar, sem skreyta bygginguna, liggja allar láréttar, og það eru aðallínurnar, sem liggja þversum, og eru þær óbrotnar eftir endilangri byggingunni. Í þessum stíl birtist því eingöngu dýrkun efnisins. Í gotneska stílum er þetta öfugt, því að allar línurnar liggja upp óbrotnar alla leið frá grunni upp í spírur. Þar er sýnd dýrkun andans. Það má segja, að ytri nauðsyn hafi knúð menn til þess að nota funkisstílinn, vegna þess að hann er að miklum mun léttari í vinnu og því miklu ódýrari en allir eldri stílarnir - og eftir því sem vinnuaflið varð dýrara, hafi þeim reynzt ókleift að byggja í gotneskum stíl.

Hljómlist. - Já, þar kemur svo greinilega í ljós dýrkun hinna grófu aflu í hinum svonefnda jassi. Er það bakfall til villimennskunnar. Þessi tegund hljómlistar tendrar upp allt hið grófa í manninum og gerir það þróttmeira og hefur mjög sterk áhrif á kynferðishvötina og gerir tilraun til þess að halda henni niðri á sviði, sem hún á að vera vaxin upp úr. Það er engu líkara en áfergjan í jassinn verði að fýsn, sem menn verða gersamlega háðir og finnst þeir ekki geta án verið. Er það von, því að áhrif þessi gera sig ekki eingöngu gildandi hér í þeim jarðneska heimi heldur miklu fremur í hinum geðrænu heimum og hefur því að miklum mun víðtækari áhrif en afbrigði annarra listgreina, vegna þess að þær hafa frekar hugræn áhrif, en hugsanapróttur manna nær ekki ennþá jafnmiklum áhrifum eins og hið geðræna líf

þeirra og veldur því í þeim heimum - hugheimunum - því minni skemmdaráhrifum.

Að öllum líkindum er bakfallið í hljómlistinni einna skaðlegast og víðtækast í áhrifum af þessum afbrigðum listanna, sem hér hefur verið minnt á, vegna þess hve miklu dálæti „jassinn“ hefur náð hjá ungvíðinu, hinni upprennandi kynslóð. Þar næst kemur skemmdarstarfsemin í skáldskapnum, þar sem hinu sauruga og viðbjóðslega er dreift út á vængjum listarinnar. En skemmdaráhrif hinna listgreinanna birtast í misþyrmingu og gersamlegu fráhrarfi frá allri fegurð. Þar er fegurðarkennd manna gersamlega rugluð og dregin niður í svaðið.

Það er ekki unnt að tala um þetta mál - hvarfið til efnishyggjunnar - án þess að minnst á stjórn málin. Alls staðar þar sem einveldið nær tökum er rekið erindi hinna svörtu afla. Er það vegna þess að réttur einstaklingsins til þess að velja og hafna er gersamlega þurkaður út - einstaklingurinn gerður að þræl hinnar ríkjandi skoðunar og vilja ráðandans. Með því er gersamlega loku skotið fyrir allan frekari vöxt manna sem frjálsra vera til þess að taka afstöðu til þeirra viðfangsefna, sem fyrir liggja á hverjum tíma og öll eðlileg þróun er útilokuð. Enda sýnir það sig, að allir einræðismenn hafa fyrr eða síðar liðið skipbrot á tiltektum sínum. Fer það að vonum, því að driffjöðrin verður alltaf eigingirnin. En „eigingirnin er rót alls ills“. Af þessum ástæðum verður einræðið þjónn hinna svörtu afla.

Aðalorsökin

Það væri ekki úr vegi að minnst ofurlítið á orsakir þær, sem liggja til grundvallar fyrir þeim fyrirbrigðum, sem ég hef gert að umtalsefni hér að framan. Þó er eigi unnt að segja mikið um það, vegna þess að nú erum við komin að takmörkum þess, er eigi má opinbera, að því takmarki, þar sem sú kunnátta byrjar, sem er hættuleg þeim, sem eigi eru færir um að meðhöndla hin dýpri fræði og mega eigi komast á snoðir um vinnubrögð æðri náttúruafla.

Tvær eru að minni hyggju aðalorsakir þess ástands í listum og stjórn málum nútíðar, sem ég hef lýst hér að framan.

Sori sá, er hið lægra eðli ber með sér, en verður að fjarlægja, og áhrif hærri náttúruafla, sem gera vart við sig í ríkara mæli en áður átti sér stað, eru þessar orsakir.

Þegar þróunin hefur náð ákveðnu marki, bæði hjá einstaklingum og heildinni, kemur þetta fyrirbrigði í ljós í meiri eða minni mæli.

Árangurinn af andlegri viðleitni er aukið innstreymi andlegrar orku og við það þrýstist hið lakara, sem er í fari manna og skapgerð út og verður um hríð meira áberandi og að lokum hverfur það. Þannig fer fram innri og ytri hreinsun, sem er inngangurinn að nýju viðhorfi, nýrri viðleitni og nýrri menningu.

Heildarþróunin, þróun allra náttúruríkja, hefur náð ákveðnu marki og því koma þessi fyrirbrigði til greina. Fyrir nálega fjörutíu árum var opnað fyrir áður óþekktum áhrifum hér, sem berast okkur frá Úran. Þessi sterka andlega orka flæðir inn yfir allan hnöttinn og í gegnum hann allan. Orka þessi er það fín og þétt, að allt hið grófa, sem veitir henni viðnám, þrýstist út og jörðin kastar út frá sér þessum grófu kröftum, sem innibýrgðir voru, og þá fer hreinsunin fram. Þetta var önnur orsök þessara fyrirbrigða, sem að framan eru skráð.

Þegar þessari hreinsunarstarfsemi lýkur, hefst hin nýja öld Vatnsberans og fjólubláa geislaris undir áhrifum Úrans.

Chohan fjólubláa geislans

Á þessum geisla vinnur meistarinn R. Svo mikið kvað vera að gera á þessum geisla nú, að hann hefur tvo aðra meistarara sér til aðstoðar í þessu starfi sínu.

Hann var kunnur á 18. öld sem hin dularfulla persóna greifinn af St.Germain. Er hann hinn raunverulegi yfirstjórnari allra siðaathafna og siðakerfa. Hann stendur á bak við fjölda af leynireglum, sem vinna á grundvelli siðaathafna, bæði kunnnum reglum og leynilegum. Hann stendur á bak við rósarkrossregluna og var einnig í fyrri jarðvist sinni sá, sem flutti hana frá Egyptum til Norðurálfu og þýddi siðakerfi hennar úr egypzku á latínu. Regla þessi var kunn á miðöldum og fram á nítjándu öld og var Lytton lávarður hinn síðasti kunnirósarkrossriddari. Eftir hans daga er sagt, að reglan sé lögð niður, en sumir halda því fram, að hún starfi enn í dag, en gersamlega leynilega og að þeir, sem teljast henni láti það aldrei uppskált. Enginn fái inngöngu í hana nema sá sem boð fær um það og er sama hvar í veröldinni hann er. Sagt er að hinn kunnir stjórnulesari Max Heindel í Kaliforníu og æðsti maður Rosecrucian Fellowship hafi verið félagi.

Meistarinn R. kvað einnig starfa á rauða geislanum sem aðstoðarmaður Manus og hefur hann umsjón með hinni stjórnmálalegu þróun Norðurálfubjóðanna, einkum hernaðarþjóðanna. Sem ráðandi fjólubláa geislans eða sá, sem stjórnar starfinu á þeim geisla, hefur hann að sjálfsögðu mikil áhrif á þróun nútíðar og framtíðar.

Sérkennin

Satúrn og Úran eru ráðendur Vatnsberans, ef svo mætti segja, og hefur sá fyrirnefndi haft aðaláhrifin til þessa, en nú eru áhrif hans frekar að dala og gætir þá áhrifa Úrans því betur. Þetta kemur greinilega í ljós nú.

Við erum nú í millibilsástandi eða breytingatíma á milli tveggja höfuðmenninga. Menning Fiskanna er að renna út og menning Vatnsberans er að birtast. Sú fyrri ber í sér þróun tilfinninganna og trúarinnar, en hin síðari þróun hinnar hærri heimspeki, dulfræða og innsæi í gegnum hugsun. Í verklegum efnum birtast þessi áhrif svo greinilega í öllum hinum nýju framförum. Öll verk og tæki, sem teljast rafmagni og rafáhöldum og rafmagnsvinnu, útvarp og útvarpstæki, útvarpssendingar, flugferðir og flugvélar og allt sem því telst, atómsprengjur, vetnissprengjur, lofthernaður í alls konar myndum, telst áhrifum Vatnsberans og Úrans og eru tæki hraðans sem sérkennir hina nýju menningu, menningu hinnar hugrænu hærri þróunar. Útvarpið er tæki, sem knýr menn til að æfa og þróa hina skapandi hugsun, það er að láta menn hugsa sér allar aðstæður, útlit þeirra hluta og fyrirbrigða, sem sagt er frá og draga upp myndir af þeim í huga sínum á sama augnabliki og skýrt er frá þeim.

Ákveðinn hluti mannkyns þolir eigi þennan hraða og getur eigi fylgt með honum og því dregst hann aftur úr og verður að bíða næstu höfuðþróunar þangað til að þróunarskilyrðin eru komin í það horf, að þeir geti með árangri haldið þróun sinni áfram. Á meðan hvíla þeir í hinum andlega heimi (nirvana). En þeir, sem eru nægilega næmir og hafa nægilega fínt og þroskað taugakerfi og óskemmt af sterkum nautnum til þess að veita viðtöku hinum háu sveiflum, sem Úran sendir frá sér í gegnum Vatnsberann, lyftast upp og ná smám saman hærri

vitundarstigum, sem nú eru fyrir ofan getu almennings að ná. Og þeir verða þátttakendur í hinni nýju menningu skipulagsins og bræðralagsins, sem menning Vatnsberans birtir hér á jörðu í næstu 2160 ár. Menning þessi hefst til fullnustu nálægt árinu 2160 eftir Kr. og endar um 4320 e. Kr. Á þessu tímabili segja sumir stjórnulesarar, að vorhnúturinn fari fram hjá stjórnu skipaninni Vatnsberinn. Það er nú samt dálítið mismunandi álit, sem stjórnulesarar hafa á þessum athugunum og ber þeim ekki alveg saman um tímann, en um hitt eru þeir allir sammála, að þetta tímabil og menning þess komi í ljós. Það er að öllum líkindum hið svonefnda þúsund ára ríki, sem á að lifa þetta áður nefnda tímabil.

Það mun vera hinn sjötti kynþáttur arisku þjóðanna, sem þá ræður ríkjum á jörðinni, því að hann er undirbúningur og undanfari hinnar miklu sjöttu menningar, sem er sjötti kynstofninn, sem springur út úr fimmta kynstofninum, hvítu mönnum, sem nú ráða heiminum. Þessi menning, menning bræðralagsins og hinnar hugrænu hærra þróunar og innsæisins byggir upp nýjar greinar listanna, sem nú eru ókunnar eða lítt kunnar, sem verða að miklum mun andlegri og ná miklu hærra en áður hefur átt sér stað.

Nú þegar birtast persónur, sem hafa í sér að nokkru þroskuð fræin til þess að byggja upp og viðhalda þessari menningu og eru þær að miklum mun næmari en sú eldri kynslóð og hefur fínna taugakerfi, er að miklum mun fallelgra fólk en hið eldra og hefur ríkara innsæi og skarpari skilning á viðfangsefnum og er fljótara að svara, er það er spurt, því það veit. Þessi nýja kynslóð birtist nú hér í landi, í Ameríku vestanverðri, Ástralíu og NýjaSjalandi og Englandi vestanverðu segja sumir.

Guðsdýrkun þessara kynslóða verður mjög með öðrum hætti af ofangreindum ástæðum en hinna eldri kynslóða og vinnur að miklum mun meira í gegnum hið hugræna líf mannsins en tilfinningarnar. Þess vegna munu leynireglurnar vaxa mjög og útbreiðast í náinni framtíð, því þær fullnægja miklu betur þessari tegund guðsdýrkunar en kirkjan megnar. Hún telst að sínu leyti frekar öld Fiskanna, sem nú er að telja út. En þó ber þess að gæta, að kirkjan hefur eigi að síður nokkurt verk að vinna í hinni nýju menningu, því að hún mun að nokkru laga sig eftir henni og beina sér frekar í hina trúarheimspekilegu átt og nálgast starfsemi trúspekinganna.

Á öld Vatnsberans ná menn til fullnustu að viðurkenna þann skilning, að andinn eigi að ráða skipulaginu, en ekki skipulagið andanum, eins og nú. Þá vita menn, að andinn er uppistaðan, lífið í efninu og ráðandi þess, því verða öll viðfangsefni að leysast með aðstoð andans.

--

Þá lýk ég þessum greinaflokki um geislana eða litina og þróun þeirra. Ég hef aðeins minnst á nokkur aðalatriði, sem mér hefur fundizt rétt að benda á í þessu sambandi, og um leið að fá menn til þess að skilja, að þróuninni er stjórnað eftir fyrirfram ákveðinni áætlun, sem lögð var eða hugsuð áður en heimurinn varð til.

Jón Arnason, prentari.